

1869.

8. júlí.

ganga til forlagseyris þurfamönnum, en aptur hafið þér, herra amtmaður, álitid, að það ætti að draga fê þetta frá þeirri upphæð, sem ætluð var í áætluninni til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að með því að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um, að álit yðar sê byggt á skýlausum orðum reglugjörðarinnar 26. janúarmán. 1866, 19. grein, þá skal úrsknrður sá, sem amtið hefir lagt á málið, standa óhaggaður.

8. júlí.

65. Brêf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekaftak Skefilstaða fyrir Gaukstaða landi.

Í brêfi dagsettu 13. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, lagt fram með, að gengið yrði að sáttaboði, er eigendur jarðarinnar Gaukstaða í Skagafjarðarsýslu hafa gjört í máli, sem umboðsmaðurinn yfir Reynistaðaklausturs umboði hafði höfðað á móti þeim fyrir hönd ríkissjóðsins til lúkningar á andvirðinu fyrir hval, 118 rd. að upphæð, er rekið hafði á fjöru umboðsjarðarinnar Skefilstaða; í sáttaboði þessu skuldbinda þeir sig til að greiða helming tæðrar upphæðar með því skilyrði, að ítök þau, sem greindar jarðir um langan aldur hafa átt hvor í annarar landi, skuli falla burtu eptirleiðis.

Með því að sáttaboð þetta fer fram á breytingu á eignarréttindunum, eins og þau nú eru, bar dómsmálastjórnin málið upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknazt, 25. f. m., að fallast allramildilegast á samkvæmt tillögum stjórnarráðsins, að ganga megi að sáttaboðinu, þar er eigendur Gaukstaða gefa upp rétt þann til hagbeitar á vetrum, sem tæð jörð á í landi eignarjarðar ríkissjóðsins Skefilstaða, móti því, að ríkissjóðurinn afsali sêr rekaréttindum þeim, sem Skefilstaðir eiga fyrir Gaukstaða landi.

Um leið og yður er kunngjört þetta, herra amtmaður,

yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, skal því við bætt, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert að öðru leyti því til fyrirstöðu, að gengið verði að sáttaboðinu.

1869.

8. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1868.

9. júlí.

Með bræfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1867 og 1868, svo að alþingi geti gefið tækifæri á að íhuga á næsta fundi, hvort við eigi að löggilda nokkurt af þessum lagaboðum á Íslandi. Jafnframt og þess skal getið um lög 14. febrúarmán. 1868, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, að þegar er búið að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að samsvarandi lagafrumvarp verði lagt fyrir alþingi, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp, samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmán. 1861, en samt væri óskandi, að athygli alþingis yrði sérstaklega leidd að lögum 3. aprílmán. 1868 um uppreist á æru.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um að leita álits alþingis um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.

9. júlí.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, hefir Snæfellsnessýsla í vesturamtinu á Íslandi hangið uppslegin sem laus síðan í haust er var, en þar eð enginn hefir enn þá sókt um umbætti þetta, verður ekki við því búið, að hæfilegur